

Ed.

147. Frumvarp

til laga um jöfnunarsjóð ríkisins.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Af tekjum ríkissjóðs á rekstrarreikningi, þá er þær fara fram úr 9½ milljón króna á ári, skal leggja hundraðshluta í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður ríkisins. Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands.

2. gr.

Tilgangur jöfnunarsjóðs ríkisins er að koma á jöfnuði á verklegar framkvæmdir ríkissjóðs í landinu og atvinnu við þær frá ári til árs.

3. gr.

Þegar árstekjur ríkissjóðs nema meiru en 9½ milljón króna á ári, skal leggja í jöfnunarsjóð ríkisins af því, sem þar er fram yfir, eins og hér segir: Af fyrstu milljón króna, eða minna, sem tekjur ríkissjóðs fara fram úr 9½ milljón króna, skal leggja 15 af hundraði í jöfnunarsjóð ríkisins. Af næstu tveim milljónum króna, eða minna, skal leggja 25 af hundraði í jöfnunarsjóð, og af því, sem árstekjur ríkissjóðs fara fram úr 12½ milljón króna, skal leggja 35 af hundraði í jöfnunarsjóð.

4. gr.

Að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og stjórnar Búnaðarfélags Íslands skal ríkisstjórnin verja fé til verklegra framkvæmda fyrir ríkissjóð, þegar atvinnubrestur er hjá verkalýð landsins og afturkippur í framkvæmdum atvinnurekenda.

Eftir tillögum sömu aðilja skal og heimilt að veita kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, fé úr jöfnunarsjóði til verklegra framkvæmda bæjar- eða sveitarfélags. Skal fjárframlagið notað í samræmi við tilgang jöfnunarsjóðs, sbr. 2. gr., og sé lagt fram að minnsta kosti tvöfalt fjárframlag úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði á móti framlagi jöfnunarsjóðs.

5. gr.

Reikninga jöfnunarsjóðs ríkisins skal leggja fyrir Alþingi ásamt landsreikningnum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Frumv. um jöfnunarsjóð ríkisins hefir verið flutt á undanförunum þingum, og er prentuð hér greinargerðin, er frv. fylgdi á sumarþinginu 1931:

„Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild, en varð ekki útrætt. Sú breyting er nú gerð á því, að tekjur ríkissjóðs, áður en kemur til framlags til jöfnunarsjóðs ríkisins, eru hér settar 9½ millj. króna, í stað 12 millj. kr., en þar sem nú er miðað við tekjur á rekstrarreikningi samkvæmt hinni nýju bókfærslu ríkissjóðs, en ekki samlagðar tekjur eins og fyrr hefir verið gert í fjárlögum, verður um sömu raunverulegu upphæð að ræða, sbr. greinargerð við fjárlagafrumvarpið fyrir 1932. Hinsvegar er hundraðshluti sá, er til jöfnunarsjóðs skal renna, hækkaður nokkuð frá því, sem var í fyrra. Hefði þetta frumvarp verið lög á undanförunum árum, mundu framlögin til jöfnunarsjóðs ríkisins hafa numið:

1925	kr. 1280 þús.
1926	— 175 —
1928	— 450 —
1929	— 650 —
1930	— 1350 —

Samtals kr. 3905 þús.

Þá hefði féð verið fyrir hendi á erfiðum árum, svo að hægt hefði verið að koma jöfnuði á verklegar framkvæmdir í landinu og atvinnu við þær frá ári til árs.

Reynslan virðist sanna, að full þörf sé á að hafa lagafyrirmæli um slíkar „fyrningar“ á góðu árunum, ef ekki á að verða „fellir“ í harðindum ríkissjóðsins, og allar verklegar framkvæmdir í voða staddar, en fólkið stendur uppi atvinnulaust, án þess að hið opinbera opni því neinar leiðir til bjargar, aðrar en fá-tækra styrkinn“.